

Suðurskauta hrefna (*Balaenoptera bonaerensis*), í I. viðauka.  
 Marsvín/Grindhvalur (*Globicephala melas*) í II. viðauka.  
 Háhyrningur (*Orcinus orca*) í II. viðauka.  
 Hnýðingur (*Lagenorhynchus albirostris*) í II. viðauka.  
 Leiftur (*Lagenorhynchus acutus*) í II. viðauka.  
 Hnísa (*Phocoena phocoena*) í II. viðauka.  
 Höfrungur/Léttir (*Delphinus delphis*) í II. viðauka.  
 Stökkull (*Tursiops truncatus*) í II. viðauka.  
 Hvalháfur (*Rhincodon typus*), í II. viðauka.  
 Barði (*Cetorhinus maximus*), í II. viðauka.

### **Fylgiskjal B.**

#### **Upplýsingar sem tilgreina skal í leyfi sbr. 3. mgr. 4. gr.**

1. Innflytjandi, nafn og heimilisfang.
2. Innflutningsland.
3. Útflytjandi, nafn og heimilisfang.
4. Sérstakar aðstæður, ef um þær er að ræða, t.d. um aðbúnað og meðferð lifandi dýra.
5. Tilgangur viðskiptanna.
6. Tegundir - vísindaheiti og almennt heiti dýrs eða plöntu.
7. Lýsing á eintaki.
8. Viðaukanr. og uppruni.
9. Magn/fjöldi - einingar meðtaldar.
10. Upprunaland, útflutningsvottorð og leyfisnúmer.
11. Útflutningsland/endurútflutningur.
12. Dagsetning leyfis.

## **AUGLÝSING**

### **um breytingu á deiliskipulagi við Hörgatún 2 í Garðabæ.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Hörgatún 2 í Garðabæ.

Í breytingunni felst að felld er niður kvöð um göngustígg á lóðinni.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 9. desember 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.